

Ársskýrsla Ársreikningar

2025



Ársskýrsla 2025

Inngangur

Ágætis aðsókn var í Heimilisiðnaðarsafnið á árinu eða hátt í 4000 manns. Má segja að um sé að ræða mikinn feng fyrir samfélagið þar sem stærstur hluti þeirra sem heimsækja safnið sækja líka matsölustaði á Blönduósi og í mörgum tilfellum sundlaug og gististaði. Þá skal þess einnig getið að opnunartími safnsins eru aðeins þrjú mánuðir en á öðrum tímum er safnið opið eftir samkomulagi og eru jafnan nokkuð um hópa einkum erlenda sem heimsækja safnið utan venjulegs opunartíma.

Starfsemi safnsins var að venju fjölbreytt og fyrir utan hið hefðbundna safnastarf voru sem endranær ýmsir viðburðir í boði.

Tekið skal fram að Heimilisiðnaðarsafnið er **viðurkennt** safn sem starfar í samræmi við safnalög nr. 141/2011. Safnið þarf að uppfylla fjölmörg skilyrði bæði um eignarhald og ábyrgð á rekstri. „Safn skal vera í eigu opinberra aðila, sjálfseignarstofnunar, félags eða fyrirtækis sem tryggir safninu fjárhagsgrundvöll fyrir eðlilega starfsemi þess og skipar því stjórn. Safn skal ekki rekið í hagnaðarskyni“.

Viðurkennd söfn skulu hafa starfsleyfi frá heilbrigðis- og eldvarnareftirliti og hafa öryggis- og viðvörunarkerfi í lagi. Eftirlit sé með ljósmagni, hitastigi og rakastigi í húsnæði þess, til staðar sé neyðaráætlun fyrir gesti, starfsfólk og safnkost sem og viðbragðsáætlun viðurkenndra safna. Þá sé aðgengi allra gesta í samræmi við lög og reglugerðir.

Skráning á safnmunum þarf að uppfylla skilmála Safnaráðs og lögð áhersla á að faglega sé unnið að söfnun og varðveislu. Stunda skal rannsóknir á þeim menningararfi sem safnið geymir og miðla niðurstöðum t.d. með útgáfu og öðrum kynningum, taka þátt í samstarfi svæðisbundið og á landsvísu svo nokkuð sé nefnt. Forstöðumaður skal hafa menntun á ábyrgðarsviði safnsins eða hafa aflað sér hæfni og færni til reksturs á safni.

Safnaráði er samkvæmt safnalögum falið að hafa eftirlit með viðurkenndum söfnum sem starfa eftir skilmálum þess um starfsemi viðurkenndra safna.

Eftirlit safnaráðs er þríþætt:

1. Eftirlit með rekstri. Þetta er árlegt eftirlit sem er framfylgt með því að viðurkennd söfn skila *Árlegri skýrslu til Safnaráðs*.
2. Eftirlit með húsakosti, aðbúnaði safnkosts, varðveislu gripa og öryggismálum. Þetta eftirlit fer fram á nokkurra ára fresti og er framkvæmt af eftirlitsnefnd Safnaráðs. Heimilisiðnaðarsafnið fékk heimsókn eftirlitsaðila Safnaráðs haustið 2022 og var loka niðurstaða eftirlitsaðila eftirfarandi: *Starfsmenn safnsins eru vel meðvitaðir um*

- varðveislumál og hugsa mjög vel um safnkostinn. Heimilisiðnaðarsafnið þarf ekki frekari heimsókn. Eftirlitsaðili metur að safnið hafi formlega lokið 2. hluta eftirlits.*
3. Eftirlit með skráningu gripa og aðgengi að safnkosti og sýningum. Framfylgt með úttekt sérfræðinga á staðnum og gögnum eftir tilefnum.

Fjárhagur

Framlag sveitarfélaganna sem greitt var í gegnum Byggðasamlags um menningar- og atvinnumál nam 7.2 milljónum króna til reksturs safnsins. Verkefnastyrkir Safnasjóðs námu samtals 3.9 milljónum króna.

Aðrir styrkir komu frá Uppbyggingarsjóði til reksturs kr. 800.000 og kr. 550.000 til verkefna og frá Menningarsjóði Kaupfélags Skagfirðinga kr. 300.000. Þá veitti Húnabyggð sérstakt framlag til viðgerðar á safnhúsinu að upphæð kr. 1.847.500.

Aðgangseyrir og aðrar tekjur námu rúmlega 5,5 milljónum króna og hækkar u.þ.b. um eina milljón og má segja að fyrir vikið skili ársreikningurinn nokkrum bata frá síðasta ári.

Vísast hér nánar í ársreikninga safnsins.

Viðburðir

Sumarsýning safnsins var að þessu sinni þrjónasýning eftir Höllu Lilju Ármannsdóttur, listakonu og þrjónahönnuð. Sýningin er mjög fjölbreytt og spannar yfir nytjahluti, fatnað og listræna skúlptúra. Við opnunina söng Steinunn Kristín Valtýsdóttir frá Skagaströnd við mjög góðar undirtektir gesta. Uppbyggingarsjóður styrkti verkefnið.

Alþjóðlegi safnadagurinn var haldinn þann 18. maí en þema hans að þessu sinni var Framtíð safna í sibreytilegum samfélögum.

Á Húnavöku voru Stofutónleikar Heimilisiðnaðarsafnsins haldnir, en þar komu fram Sigurdis Trio sem fluttu frumsamin verk Sigurdísar Tryggvadóttur, innblásin af náttúru og menningu heimahaganna auk laga eftir afabróður hennar Jónas Tryggvason. Uppbyggingarsjóður styrkti viburðinn.

*Fræðilegir fyrirlestrar fara fram á haustdögum og að þessu sinni heimsótti okkur Jón Björnsson, sálfræðingur og rithöfundur. Nefndi hann fyrirlestur sinn *Trúir þú á engla* og fjallaði hann um margs konar engla sem sagðir eru ósýnilegar verur sem þjóna drottni og vegsama hann og gegna mismunandi hlutverkum að boði drottins. Safnasjóður styrkti viðburðinn.*

Upplestur á aðventu var haldinn á aðventu að viðstöddu fjölmenni. Þar mættu þau Reynir Finndal Grétarsson, Birgitta Halldórsdóttir og Þórdís Einarsdóttir sem kynntu og lásu upp úr bókum sínum.

Á öllum viðburðum safnsins er ókeypis aðgangur utan Stofutónleikana en þar gildir aðgangseyrir safnsins og gestum ævinlega boðið upp á kaffi og meðlæti á öllum viðburðunum.

Heimsóknir grunnskólabarna héraðsins er fastur liður í starfsemi safnsins. Börnin fá sérstaka leiðsögn um safnið sem og að spreyta sig á að kemma ull og spinna og vefa í vefstól. Þá er tekið á móti listafólki eftir þörfum sem dvelur í Kvinnaskólanum og sérstakar móttökur nemenda á efri skólastigum bæði innlendum og erlendum.

Innra starf

Rannsóknarvinna og beiðnir sérfræðinga um aðgang að safnkostinum og aðstoð vegna verkefna er töluverð. Má þar nefna rannsókn Noemi Cubas Martin á íslenskum textílum sem er hluti af meistaranámi hennar. Rannsóknin sameinar fornleifafræði, sagnfræðirannsóknir, þjóðfræðilegt vettvangsstarf og vísindalega greiningu til að kanna hefðir íslenskrar textíllitunar. Noemi vann að þessari rannsókn m.a. hér í safninu og óskaði eftir stuðningsbréfi til Rannís frá okkur vegna styrkumsóknar til doktorsverkefnis. Í fyrri ársskýrslum hefur verið fjallað um flokkun á öllum bréfragögnum Halldóru Bjarnadóttur (1873-1981). Einnig svokölluðu prufusafni Halldóru sem búið er að greina, ljósmynda, skrá og hefur verið vistað á Sarpi skráningarkerfi safna.

Skráning og ljósmyndun á munum safnsins er stöðugt haldið áfram, með *styrk frá Safnasjóði*. Verkefnið er mjög tímafrekt en horft til þess að ná utan um alla muni safnsins sem skráðir hafa verið í tímans rás. Meðfram er unnið að samræmingu og leiðréttingum á skráningum svo og að skrá inn ný aðföng.

Góðar gjafir berast árlega og skal sérstaklega nefnt að í flóru þjóðbúninga safnsins bættist við hvítur tvískiptur fermingar/brúðarbúningur frá Kára Snorrasyni og fjölskyldu.

Umfjöllun og greinar um Heimilisiðnaðarsafnið og sýningar þess birtast á hverju ári í ýmsum miðlum s.s. tímaritum íslenskum sem erlendum og á netmiðlum. Af og til erum við svo heppin að fá heimsóknir frá ljósvakamiðlum. Safnið stendur gjarnan með fullt hús stiga hjá TripAdvisor. Þá má rifja upp að undanfarin ár hafa verið gefnar út bækur á ýmsum tungumálum sem byggja á safnmunum Heimilisiðnaðarsafnsins og hafa þær vakið verðskuldaða athygli á safninu og þeim einstaka menningararfi sem þar er að finna. Þrátt fyrir takmörkuð fjárráð til markaðssetningar er reynt að vera með í sameiginlegum safnaauglýsingum bæði á landsvísu og í héraði.

Hið daglega starf

Starfshlutfall forstöðumanns er 60% og er hann eini fastráðni starfsmaður safnsins og annast og ber ábyrgð á allri starfsemi þess. Venja er að ráða tvær sumarstúlkur sem starfa á aðal opnunartíma safnsins. Forstöðumaður reynir að sækja helstu safnafundi sem haldnir eru innanlands s.s. farskólafund safnamanna og fundi í Þjóðminjasafni.

Ný *Stefnumörkun í safnastarfi* kom út árið 2021. Þar er m.a. lögð áhersla á samfélagslegt hlutverk safna og sameiginlegri ábyrgð samfélagsins. Lögð er áhersla á að eigendur safna setji sér eigendastefnu sem leitast við að skýra hlutverk og ábyrgð þeirra. Safnaráð veitir faglegt aðhald og eftirlit með starfi og rekstri viðurkenndra safna. *Eigendur safna skulu tryggja fjármagn til reksturs og stuðnings til faglegs starfs á öllum sviðum þeirra.*

Nokkrar umræður hafa verið um nauðsyn að einfalda eignarhald safna og með tilkomu sameiningar sveitarfélaga og vinnu við nýjar skipulagsskrár, bæri að skoða þennan þátt og breytingar á stjórnskipun safna. Horft skuli til þess að þróa söfnin í stærri stofnanir, hafa miðstöð í hverjum landshluta, vera samofin stærra umhverfi en okkar eigin, þar sem hægt sé að sækja faglega þjónustu. Einnig að nauðsynlegt sé að taka tillit til skyldna viðurkenndra safna og brýna eigendur safna að tryggja fjárhagslegt öryggi viðkomandi safns, enda skylda samkvæmt lögum.

Á árinu 2023 og síðan aftur 2024 var skipulagsskrá Heimilisiðnaðarsafnsins uppfærð með hliðsjón af fækkun sveitarfélaga sem að því standa. Á árinu (2025) sagði Sveitarfélagið Skagaströnd sig frá rekstri og aðild að sjálfseignarstofnuninni um Heimilisiðnaðarsafnið. Sömu sögu er að segja um Samband austur-húnavetnskra kvenna. Eftir stendur Húnabyggð sem í dag er eini aðilinn að stofnuninni og með tilliti til breyttra aðstæðna er um þessar mundir unnið að nýrri skipulagsskrá sem staðfest verður af Safnaráði.

Síðast liðið sumar var unnið að viðhaldi safnhússins og í þetta sinn veitti Húnabyggð sérstakt framlag til verkefnisins.

Í fyrri ársskýrslum hefur verið minnt á að SSNV lét vinna skýrslu/fýsileikakönnun um samstarf og hugsanlegar sameiningar safna í landshlutanum í samræmi við tillögu í Byggðaáætlun 2018-2024. Jón Jónsson og Eiríkur Valdimarsson sem báðir eru þjóðfræðingar og starfa hjá Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Ströndum, unnu skýrsluna.

<https://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/skyrslur/samstarf-safna-a-nordurlandi-vestra-lokaskyrsla.pdf#:~:>

Fyrir utan hið venjubundna safnastarf, hafa viðburðir safnsins vakið mikla athygli ekki síst Sumar/sérsýningar safnsins en mjög er sótt um af textillistafólki að halda sýningu í safninu. Ævinlega er lagt upp með að hafa sýningarnar sem ólíkastar á milli ára og gefa sýn á fjölbreytileika textillistarinnar á Íslandi. Verður að segjast að þessar sýningar hafa skapað samstarf, útvíkkað og tengt safnið við sköpun listar og handverks við starfandi listafólk og hönnuði.

Áhersla er lögð á að halda vel utan um safngripi safnsins og á hverju ári farið yfir alla muni í sýningum þess, sumir teknir útúr sýningum og hvíldir og aðrir settir inn í staðinn. Reynt er eftir fremsta megni að lágmarka ryk og óhreinindi á veggjum og gólfum og láta safngestir gjarnan í ljósi hve safnið sé hreint og góð upplifun að heimsækja það.

Húnabyggð annast launaútreikninga fyrir safnið, en síðustu tvö ár hefur KPMG séð um bókhald og frágang þess. Þá hefur sveitarfélagið annast slátt á lóð safnsins og ber að þakka þessa aðstoð.

Niðurlag

Heimilisiðnaðarsafnið er rétt eins og mörg söfn á Íslandi, stolt samfélagsins og er það hið eina sinnar tegundar á Íslandi og varðveitir fyrst og fremst menningararf kvenna. Þrátt fyrir lítil fjárráð er ánægjulegt að geta þess að safnið hefur markað sér eftitektarverð spor ekki aðeins innanlands heldur einnig víðsvegar um heim. Það er á okkar áyrgð að halda utan um það sem við gerum best með því að heimsækja safnið árlega.

Að lokum skal rifjað upp að fyrir utan Sumarsýningar safnsins, mynda munir safnsins nokkrar „fastar“ sýningar.

1. *Útsaumssýning – sérlega fallegur undirfatnaður kvenna og listfengar hannyrðir.*
2. *Sýning á þjóðbúningum – úrval íslenskra þjóðbúninga frá seinni hluta níttjándu aldar til okkar daga.*
3. *Ullarsýning – þar sem vinnsluferli ullar er sýnt, gestir fá að handleika ullina og finna mismuninn á togi og þeli og spreyta sig á að kemba og spinna á halasnældu.*
4. *Áhöld og verkfæri, mörg hver heimasíðuð sem notuð voru við heimilisiðnað.*
5. *Halldórustofa – helguð lífi og starfi hinnar merku konu Halldóru Bjarnadóttur.*

Heimilisiðnaðarsafnið er opið alla daga frá 1. júní til 31. ágúst og á öðrum tímum eftir samkomulagi. Bent er á heimasíðu safnsins textile.is þar sem sjá má myndir og sýnishorn af sumarsýningunum og öðrum menningarviðburðum safnsins ásamt yfirliti um starfsemi þess.

Elín S. Sigurðardóttir, forstöðumaður

Heimilisiðnaðarsafn

Rekstrarreikningur 2025

Tekjur:	2025	2024
Framlag - sveitarfélög	7.200.000	7.200.000
Framkvæmdaframlag - Húnabyggð	1.847.500	
Framlag Safnasjóðs	3.900.000	3.800.000
Aðrir styrkir	1.650.000	1.670.000
Aðgangseyrir og aðrar tekjur	5.518.870	4.627.854
Vaxtatekjur	51.739	72.838
Samtals tekjur	20.168.109	17.370.692

Gjöld:	2025	2024
Laun	10.301.502	9.689.740
Launatengd gjöld	1.306.288	1.196.111
Akstur og dagpeningar	611.100	497.000
Hiti og rafmagn	612.588	608.696
Tryggingar, öryggisg. og opinber gjöld	1.368.347	1.241.894
Viðhald og endurbætur	2.090.108	1.317.828
Forvarsla og varðveislumál	1.456.075	1.356.662
Sýningar og viðburðir	571.539	566.448
Félagsgjöld	14.800	14.800
Bókhaldskostnaður	168.919	
Annar rekstrarkostnaður og vörukaup	626.455	423.088
Auglýsingar og póstkostnaður	191.907	260.442
Sími og rekstur tölvukerfis	496.439	704.763
Rekstrarfélag Sarps	143.781	180.820
Þjónustugjöld	121.071	86.833
Fjármagnstekjuskattur	11.382	15.129
Samtals gjöld	20.092.301	18.160.254

Hagnaður / Tap	75.808	-789.562
-----------------------	---------------	-----------------

Heimilisiðnaðarsafn

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	2025	2024
Fastafjármunir		
Fasteignamat		
Fasteign - gamla hús og lóð	16.600.000	15.670.000
Fasteign - nýja hús	47.100.000	44.100.000
Samtals	63.700.000	59.770.000
Veltufjármunir		
Sjóður 31 - 12 - 2025	563.079	244.447
Endurbótasjóður	475.293	1.035.706
Viðskiptakröfur	417.000	23.310
Útistandandi skuldir	-240.034	-163.933
Samtals	1.215.338	1.139.530
Eignir samtals	64.915.338	60.909.530
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Staða 01/01	60.909.530	61.699.092
Breyting fasteignamats	3.930.000	0
Afkoma ársins	75.808	-789.562
Samtals	64.915.338	60.909.530
Skuldir og eigið fé samt.	64.915.338	60.909.530